

Nd.

## 242. Nefndarálit

frá bankarannsóknarnefndinni, um þingsályktunartillögu á þingskj. 43, um innsetning gæzlustjóra Nd.

Til nefndarinnar var vísað tillögu, þeirri er að ofan er getið, til umsagnar.

Nefndin hefir rætt málið og komist að þeirri niðurstöðu, að úrskurð þann og yfirréttardóm, er fallið hefir í máli gæzlustjóra Ed., hljóti að mega að öllu heimfæra til gæzlustjóra Nd., þar sem staða þeirra hvors um sig er alveg hin sama, og *réttur alþingisdeildanna hvorrar um sig allur hinn sami*, og tilfellingin því bæði alveg samræmileg.

Nú er svo um fógetaúrskurði, að gildi þeirra verður eigi frestað með áfrýjun, eins og ella á sér stað um dóma, heldur verða þeir óraskaðir að standa að lögum unz þeim er breytt með æðra dómi.

Nú er svo úr skorið, að landsstjórnin hafi eigi haft rétt til að vika frá gæzlustjóra alþingis við Landsbankann eftir 1. jan. 1910 og að hefði gæzlustjóra verið löglega frá vikið um stund fyrir þann tíma, þá hefði sú frávikning orðið að falla úr gildi 1. jan. f. á., er nýju bankalögin komu í gildi. Yfirdómurinn telur það auk þess sannað bæði með játningu fádhera í málsskjali þar fyrir rétti, og eins með orðalagi sjálfs afsetningarbréfsins, sem ekki nefnir frávikning

um stundarsakir, að afsetningin hafi þegar 22. nóv. 1909, verið gerð fyrir fult og alt.

En hvað sem því líður, þá stendur fógetaúrskurðurinn um innsetning Kristjáns Jónssonar óraskaður að lögum, og það verðum vér að telja óverjandi, að æðsta framkvæmdarvald landsins sýni ekki hlýðni dómstólunum. En það gerir ráðherra ekki, er hann skipar og heldur *aðra* gæzlustjóra við bankann en þá er dómstólarnir telja löglega.

En alt það sem í þessu máli er úrskurðað löglegt um Kristján Jónsson sem gæzlustjóra Ed., það hlýtur eðlilega jafn-löglegt að metast um gæzlustjóra Nd. Eirík Briem. Réttur alþingis til þess, að umboðsvaldið raski ekki stöðu gæzlustjóra þess, verður því að standa óhaggaður.

Minni hluti nefndarinnar vill halda því fram, að siður sé ástæða til að skora nú á landsstjórnina að hlýða úrskurði dómstólanna, þar sem ætla megi, að hinn nýi ráðherra muni sjálfkrafa setja gæzlustjóra Nd. inn í stöðu þá, er þingdeildin hefir kosið hann í. En vér getum eigi verið vissir um það, nema ráðherra, eins og nú horfir við, gæti ef til vill álitíð viðsjárvert að gera nokkuð í þessu máli fyrri en deildin hefir látið í ljósi álit sitt um tillögu þessa, sem fyrir henni liggur.

Auk þess lítum vér svo á, að það sé skylda vor að segja álit vort um málið, úr því að því var til vor vísað.

Því er það *tillaga* vor:

*að þingdeildin samþykki þingsályktunartillöguna á þingskj. 43.*

En jafnframt lætur nefndin í ljósi, að það er ásetningur hennar, að rannsaka, að svo miklu leyti sem henni verður kostur á, allar þær aðfinningar, sem fram eru komnar yfir gæzlustjórnum, einkum þær er fram eru komnar eftir 22. nóv. 1909, að því leyti sem hennar verkefni er, eftir því, hversu nefndirnar í Ed. og Nd. skifta verkum með sér, og þá sér í lagi lánveitingarnar og matið á áætlunðu tapi bankans, og mun nefndin á sinni tíð láta uppi álit sitt um það mál.

Alþingi, 18. marz 1911.

Jóh. Jóhannesson,  
formaður.

Jón Ólafsson,  
framsögumaður.

Jón Jónsson  
frá Hvanná.